

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og**

**Landssamband lögreglumanna
hins vegar**

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. nóvember 2008 til 31. maí 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Launatafla samkvæmt grein 1.1 hækkar sem hér segir:

Frá 1. nóvember 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300.

Grein 1.2.2 heldur gildi sínu að öðru leyti en því að hlutfallstölur raskast á samningstímabilinu.

3. grein

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 47.500.

4. grein

Grein 12.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

5. grein

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

6. grein

Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 2008 til 31. maí 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan þriggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 10. nóvember 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 22. október 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Sverrir Jónsson (sign.)
Björn Rögnvaldsson (sign.)

F.h. Landssambands lögreglumanna
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Snorri Magnússon (sign.)
Loftur Kristjánsson (sign.)
Daði Gunnarsson (sign.)
Steinar Adolfsson (sign.)
Frímann Baldursson (sign.)
Sveinn Magnússon (sign.)

Bókanir
með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssambands lögreglumanna
undirrituðu 22. október 2008

Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarfélaganna um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

Bókun 2

Vegna eðlis lögreglustarfa er lögreglumönnum nauðsynlegt að vera í góðu líkamlegu formi og hafa tækifæri til að viðhalda því. Þetta er áréttað í starfsmannastefnu lögreglunnar, áherslum Landssambands lögreglumanna og er rökrétt framhald af inntökuskilyrðum Lögregluskólans.

Það er því sameiginlegt markmið aðila að lögreglumenn stundi reglubundna líkamsþjálfun og uppfylli tilteknar samræmdar kröfur, sem taki mið af því við hvaða aðstæður þeir starfa. Lögregluskólinn tekur að sér að útfæra og sjá um þá tilhögun. Skal hann hafa samráð við þá er málið varðar. Starfi þessu skal lokið eigi síðar en í janúar 2009.

Lögregluskólinn flokkar störf lögreglumanna með hliðsjón af þeim kröfum um líkamlegt atgervi sem viðkomandi störf krefjast. Lögreglumenn sem uppfylla þrekkkröfur þess flokks sem þeir tilheyra skulu fá greitt sérstakt álag. Þar til kröfur Lögregluskólans liggja fyrir skulu lögreglumenn fá sérstaka greiðslu, sem lækkar eða fellur niður ef lögreglumenn standast ekki væntanlegar kröfur.

Á næstu mánuðum munu lögreglumenn því þurfa að búa sig undir að uppfylla væntanlegar kröfur Lögregluskólans um þrek. Það er í höndum lögregluembættanna í samráði við lögreglumenn að útfæra með hvaða hætti lögreglumönnum verði auðveldað að sinna þessari þjálfun.

Bókun 3

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Verði höfð hliðsjón af samkomulagi aðila á vinnumarkaði hvað varðar greiðslur frá ríkinu (0,13%) og stofnanir ríkisins sem vinnuveitendur (0,13%) og gildi sömu dagsetningar um greiðslur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Efnt verði til samstarfs við önnur samtök ríkisstarfsmanna og greiðslurnar inntar af hendi þegar samkomulag liggur fyrir.

Bókanir
með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssambands lögreglumanna
undirrituðu 22. október 2008

Bókun 4

Í kjölfar breytinga á lögreglulögum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og úrskurðar kjararáðs dags. 13. febrúar 2007, falla ný störf undir kjarasamninginn. Vegna þessa bætast sex launaflokkar við launatöflu Landssambands lögreglumanna frá gildistöku samningsins.

Bókun 5

Bandalög ríkisstarfsmanna hafa á undanförunum mánuðum rætt um breytt fyrirkomulag á fjölskyldu- og styrktarsjóði þannig að frá áramótum 2008/2009 renni framlögin aðgreind til bandalaga ríkisstarfsmanna. Aðilar eru sammála um að komi til breytinga á fyrirkomulagi sjóðsins muni framlag til BSRB hlutans hækka um 0,20% og verði því 0,75% í stað 0,55% frá 1. janúar 2009.

Fylgiskjal 1
með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssambands lögreglumanna
undirrituðu 22. október 2008

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessu samkomulagi. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á gildistíma samkomulagsins.

Starfsþróun

- Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir
- Styðja stofnanir til að vinna að bættum aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

Lagaumhverfi

- SELKO, samstarf um endurskoðun á lögum og reglum um starfsmenn ríkisins

Samningstexti

- Samræming á texta kjarasamninga

Vinnuumhverfi

- Heilsueflandi vinnuumhverfi svo sem vaktavinna

Sí- og endurmenntun

- Könnun á samstarfi um samþættingu sí- og endurmenntunar

Slysatryggingar

- Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði

Launaþróun

- Skoðun á kerfum um fylgni launaþróunar á milli markaða

Fylgiskjal 2

Útfærsla á bókun 2 með kjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs undirrituðu 22. október 2008

Eftirfarandi útfærsla á bókun 2 hefur orðið að samkomulagi á milli aðila:

1. Allir lögreglumenn munu fá greiðslu vegna tímabilsins frá 1. nóvember 2008 til 31. janúar 2009 að upphæð kr. 45.000. Upphæðin verður greidd í einu lagi þann 1. desember. Þeir sem eru í hlutastarfi eða starfa hluta tímabilsins fá greitt hlutfallslega.
2. Þrekpróf sem verða haldin í kjölfar flokkunar Lögregluskólans árið 2009 veita rétt til þrekálags frá 1. febrúar 2009 í samræmi við niðurstöðu fyrsta þrekprófs. Endurtekin þrekpróf veita rétt til álags frá næsta mánuði eftir að þau eru staðin.
 - 2.a Til að koma í veg fyrir eyður í greiðslu þrekálags er embættum heimilað að greiða þrekálag í febrúar og mars á grundvelli bráðabirgðasamkomulags við einstaka starfsmenn. Slíkt samkomulag innihaldi æfingaáætlun, markmið og skyldur um ástundun. Það gildi ekki lengur en til 1. apríl 2009.
 - 2.b Séu lögreglumenn tilbúnir í þrekpróf fyrir 15. febrúar 2009 skal dráttur á þeim af hálfu vinnuveitanda ekki valda því að þrekálag falli niður.
3. 100% árangur í þrekprófi veitir rétt til fulls álags og 80% árangur veitir rétt til 50% álags. Lakari árangur veitir ekki rétt til þrekálags.
4. Þrekálag lögreglumanns skal vera kr. 18.000 og greiðast sem sérstök launategund í 12 mánuði á ári án orlofs. Álagið greiðist í samræmi við starfshlutfall og telst til fastra launa í skilningi gr. 12.2.6 í kjarasamningi aðila.
5. Lögregluskólanum er ætlað að setja þrekviðmið fyrir mismunandi flokka lögreglumanna. Þrekálag er þó sama upphæð sbr. gr. 4 fyrir alla flokka.
6. Lögregluskólanum er einnig ætlað að setja viðmið um tíðni þrekprófa og skal lögreglumaður hafa tvo mánuði til að bæta árangur sinn á þrekprófi áður en álag fellur brott eða breytist. Standist hann prófið síðar heldur hann álaginu umrædda tvo mánuði, ella fellur það niður tveimur mánaðamótum eftir að fyrsta prófið var þreytt.
7. Reglur þessar skal endurskoða í ljósi reynslunnar og aðilar semja um breytingar á þeim, þar á meðal hvort þær skuli vera samningsatriði.